

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018,
Vestursíða, Akureyrarkaupstað.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 28. janúar 2011 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 frá 15. desember 2006.

Breytingin felst í:

Íbúðarsvæði 2,7 ha minnkar í 2,0 ha og breytist í blandað svæði fyrir íbúðir og þjónustustofnanir.

Að opið svæði til sérstakra nota minnkar um 1,1 ha.

Nýju svæði fyrir þjónustustofnun 1,8 ha að stærð.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 28. janúar 2011.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Íris Bjargmundsdóttir.